

Samstarfssamningur Garðabæjar við Grósku
– samtök myndlistarmanna og áhugamanna um myndlist
í Garðabæ

1.gr.

Markmið þessa samnings er að styðja við starfsemi félagasamtakanna Grósku. Tilgangur samtakanna er að efla stöðu myndlistar og stuðla að samvinnu félagsmanna (sbr. lög Grósku gr. 3-5, fylgiskjal 1).

2. gr.

Samkvæmt samningi þessum annast Gróska Jónsmessugleði í Garðabæ og ýmsar samsýningar í Gróskusalnum og víðar og fræðslustarf. (Nánari lýsing á verkefnum Grósku, sjá fylgiskjal 2). Upplýsingar um verkefni Grósku skulu kynnt menningarfulltrúa Garðabæjar og menningar- og safnanefnd í upphafi hvers árs.

3.gr.

Garðabær greiðir Grósku kr. 1.900.000 pr. ár á árunum 2021-2022, með fyrirvara um samþykkt fjárveitingar í fjárhagsáætlun Garðabæjar og samkomulags skv. 2. gr. Upphæðin skal greidd í tvennu lagi, í maí og júní ár hvert, á gildistíma samningsins. Gróska fær afnot af húsnæði á Garðatorgi 1 undir sýningar í samráði við menningarfulltrúa sbr. einnig 2. gr. samnings þessa.

4. gr.

Samningur þessi gildir um samstarfsverkefni Grósku og Garðabæjar og fjárframlag Garðabæjar til Grósku á árunum 2021-2022. Aðilar munu fyrir árslok 2022 taka upp viðræður um gerð nýs samnings.

Garðabæ, 12. apríl 2021

f.h. Garðabæjar

f.h. Grósku

Vottar:

Fylgiskjöl:

- 1) Lög Grósku (samþykkt á stofnfundi Grósku 1. mars 2010 og uppfærð á aðalfundi Grósku 25. Febrúar 2021)
- 2) Nánari skilgreining á samstarfsverkefnum Grósku og Garðabæjar